



## Nefndasvið Alþingis

### Allsherjar- og menntamálanefnd

#### Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um frumvarp til laga um Vísinda – og nýsköpunarráð, 188. mál, lagafrumvarp

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) vísar til fyrri umsagna stjórnar félagsins um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál nr. 150/2022, áform um lagasetningu þessa í Samráðsgátt; mál nr. 145/2020 annars vegar og mál nr. 73/2021 hins vegar. Umsagnir þessar fylgja með hér að neðan. Þrátt fyrir að VFÍ hafi áður stutt tillögur um lagabreytingarnar ítrekar það nú eftirfarandi athugasemdir við breytingar á frumvarpinu sem einnig komu fram í síðustu umsögn (mál nr. 150/2022 í Samráðsgáttinni). Ekki hefur verið brugðist við athugasemdum félagsins sem kemur á óvart og veldur vonbrigðum.

Í 4. gr nýs frumvarps „Umsýsla og ráðgjöf“ (í fyrra frumvarpi 5. gr „Stuðningur við Vísinda- og nýsköpunarráð“) hefur textinn verið þynntur. Meðal annars er texti um að ráðgjafar skuli vera óháðir fyrirmælum ráðherra og annarra tekinn út.

Í 5. gr nýs frumvarps „Tilnefningarnefnd“ eru gerðar breytingar. Fjölgað er um tvo í nefndinni og skal annar vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins og hinn af „samtökum launafólks“. VFÍ telur seinni breytinguna fráleita. Eðlilegra væri að vísa til fagfélaga eins og til dæmis VFÍ sem er stærsta félag tæknimenntaðra á Íslandi með rúmlega 5000 félagsmenn.

Reykjavík, 27. október 2022.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.



**Forsætisráðuneytið**

**Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg**

**101 Reykjavík**

**Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál nr. 150/2022.**

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) vísar til fyrri umsagna stjórnar félagsins um áform um lagasetningu þessa í Samráðsgátt; mál nr. 145/2020 annars vegar og mál nr. 73/2021 hins vegar. Umsagnir þessar fylgja með hér að neðan. Þrátt fyrir að VFÍ hafi áður stutt lagabreytingarnar gerir það nú eftirfarandi athugasemdir við breytingar á frumvarpinu.

Í 4. gr nýs frumvarps „Umsýsla og ráðgjöf“ (í fyrri frumvarpi 5. gr „Stuðningur við Vísinda- og nýsköpunarráð“) hefur textinn verið þynntur. Meðal annars er texti um að ráðgjafar skuli vera óháðir fyrirmælum ráðherra og annarra tekinn út.

Í 5. gr nýs frumvarps „Tilnefningarnefnd“ eru gerðar breytingar. Fjölgað er um tvo í nefndinni og skal annar vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins og hinn af „samtökum launafólks“. VFÍ telur seinni breytinguna fráleita. Eðlilegra væri að vísa til fagfélaga eins og til dæmis VFÍ sem er stærsta félag tæknimenntaðra á Íslandi með rúmlega 5000 félagsmenn.

*Reykjavík, 6. september 2022.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*



## Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

**Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um drög að frumvarpi til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál hr. 73/2021.**

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) styður breytingar sem koma fram í frumvarpinu og fela í sér að stofnað verði sjálfstætt Vísinda- og nýsköpunarráð sem meðal annars verði ráðgefandi gagnvart ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun. Auk þess er ráðinu ætlað að hvetja til umræðu um málaflokkinn, greina stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi í samanburði við alþjóðlega þróun með hliðsjón af stefnu stjórnvalda og áskorunum hérlendis.

Í september 2020 skilaði VFÍ umsögn um skýrslu forsætisráðuneytis sem bar yfirskriftina: Breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. Frumvarpsdrögin sem hér eru til umsagnar byggja á fyrrgreindri skýrslu. Í meginatriðum lýsti félagið stuðningi við niðurstöðu verkefnishóps sem vann skýrsluna. Jafnframt var áréttað í umsögn VFÍ að tenging við atvinnulífið sé eitt af lykilatriðum í árangursríku starfi Vísinda- og tækniráðs.

VFÍ telur rétt að fækka í ráðinu frá því sem nú er en jafnframt þarf að tryggja að í ráðinu sitji einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu, sérstaklega þarf að huga að tengingu við atvinnulífið. Eins og kom fram í fyrri umsögn félagsins þá er til mikilla bóta að sett verði á laggirnar sérstök skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs sem veiti ráðinu og ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun þjónustu við greiningar- og textavinnu.

VFÍ fagnar því að nú hafi farið fram heildarendurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og telur að með drögum að frumvarpinu sé stigið rétt skref til að styrkja umhverfi nýsköpunar og rannsókna á Íslandi.

*Reykjavík, 19. mars 2021.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*



## Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

### Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, mál nr. 145/2020.

Eins og fram kemur í kynningu í Samráðsgáttinni var markmiðið með lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003 og tengdra laga nr. 3/2003 og nr. 75/2007 (áður lög nr. 4/2003) að færa umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efsta stig stjórnsýslunnar og auka heildarsýn yfir málaflokkinn og samræmingu milli ráðuneyta. Auk þess var markmiðið að stefnumótun í málaflokknum yrði markvissari. Einnig kemur fram að áður hafi ekki farið fram heildarendurskoðun á lögnum. Forsætisráðherra skipaði síðla árs 2018 verkefnishóp til að endurskoða lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og eru tillögur hans hér til umfjöllunar. Hópurinn leitaði víða fanga og sérstaklega skoðaði hann skipulag í málefnum vísinda, nýsköpunar og tækni í öðrum ríkjum. Núverandi stöðu á Íslandi er einnig gerð góð skil í skýrslu hópsins. Vert er að taka fram að í október 2019 kynnti nýsköpunarráðherra *Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland* sem markar sýn til ársins 2030. Þar eru tillögur um breytingar á lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003. Segja má að munurinn á tillögum verkefnishópsins og stýrihópsins, sem mótaði Nýsköpunarstefnuna, felist í grófum dráttum í því að stýrihópurinn leggi meiri áherslu á tengingu við atvinnulífið. Stjórn Verkfræðingafélagsins tekur undir þau sjónarmið og telur tengingu við atvinnulífið vera eitt af lykilatriðum í árangursríku starfi Vísinda- og tækniráðs.

Margt gott er að finna í tillögum verkefnishópsins og stjórn Verkfræðingafélags Íslands tekur undir að þörf sé á heildarendurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Jafnframt leggur stjórnin til að tillögur sem er að finna í Nýsköpunarstefnunni verði raungerðar í áformaðri endurskoðun laganna.

Það er til mikilla bóta að sett verði á laggirnar sérstök skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs sem veiti ráðinu og ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun þjónustu við greiningar- og textavinnu.

Eins og fram kemur í ágætu ávarpi forsætisráðherra í nýútkominni Vísinda- og tæknistefnu 2020-2022 þarf vistkerfi nýsköpunar og rannsókna að fá að dafna. Það er ein af forsendum þess að hér ríki velsæld um ókomin ár. Því er mikilvægt að lagaumhverfið endurspegli þá stefnu sem mörkuð hefur verið.

Reykjavík, 4. september 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.